

ALITSGERÐ UM SILUNGSVEIÐITJARNIR
AD HLÍÐARFÆTI LEIRARSVEIT

Jón Örn Pálsson

Borgarnesi, apríl 1991

VMST-V/91010



VEIÐIMÁLASTOFNUN

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

INNGANGUR

Að ósk ábúanda á bænum Hliðarfæti í Leirársveit, er hér gerð grein fyrir tjörnum sem gerðar hafa verið í landi bæjarins, en þar er fyrirhugað að sleppa bleikju og urriða til endurveiða með sölu stangveiðileyfa. Fjallað er um staðhætti, uppbyggingu tjarnanna og notkun þeirra. Einnig er gerð grein fyrir reglugerð sem fjallar um slíka starfsemi.

STADHÆTTIR

Hliðarfótur er í norðanverðum Svínadal, undir Skarðsheiði, og á land að Hóli að vestan og Eyri að austan (mynd 1). Allmikið ferskvatn sprettur fram undan skriðum fyrir neðan Þjóðveginn. Tjarnirnar eru þannig til komnar, að rutt hefur verið upp úr farvegi sem uppsprettuvatn hefur grafið og þannig hafa verið útbúnir þrjár stíflugarðar, sem mynda tjarnirnar. Frárennsli tjarnanna fellur í Laxá í Leirársveit, sem er ein besta laxveiða landsins. Meðalveiði á árabílinu 1974-1989 var 1566 laxar. Einnig er nokkur urriða- og bleikjuveiði í Geitabergsvatni, Þórisstaðavatni og Eyrarvatni ofar í dalnum, auk laxveiði sem er nokkur. Veiðifélag er starfandi á vatnasvæðinu, Veiðifélag Laxár í Leirársveit og formaður þess er Jón Eggertsson, Eyri.

UPPBYGGING TJARNANNA

Tjarnirnar eru byggðar á grasigrónum malareyrum fyrir neðan Þjóðveginn (mynd 2). Tvær efstu tjarnirnar (tjörn I og II) voru byggðar vorið 1988. Neðsta tjörnin (tjörn III) var byggð veturinn 1991. Meðaldýpi í tjörn I er um 2 metrar, ca. 1.5 metrar í tjörn II og ca. 1.2 metrar í tjörn III. Vatnsrennsli gegnum tjarnirnar er um 20-25 l/sek og hefur það upptök sín skammt fyrir ofan efstu tjörnina. Hitastig vatnsins í upptökum er um 3.5 °C, en yfir sumartímann hitnar vatnið í tjörnunum í 7-8 °C. Ekki er nein vatnshæðastýring í tjörnunum og rennur því yfirborðsvatn á milli tjarnanna. Við frárennsli tjarnanna hefur verið komið fyrir netbúri sem hindrar fisk í að sleppa úr tjörnunum.

Fyrirhugað er að sía frárennsli úr tjörnunum gegnum malarþró, sem verður staðsett fyrir neðan útrennsli frá neðstu tjörninni. Malarþró hindrar fisk að sleppa úr tjörnunum og einnig að fiskur gangi úr Laxá í tjarnirnar. Einnig er möguleiki á að fiskur hrygni í tjörnunum, malarþró mun því hindra að smáseiði úr þeim sleppi í vatnakerfi Laxár.

NOTKUN TJARNANNA.

Í júní 1988 voru keypt 1000 bleikjuseiði af Hitarárstofni, frá Fiskræktarstöð Vesturlands að Laxeyri í Bergarfirði. Meðalþyngd seiðanna var 180 grömm og var þeim sleppt í tjörn I og II. Í maí 1990 fóru starfsmenn Veiðimálastofnunnar á Vesturlandi og athuguðu ástand fiskisins. Meðalþyngd fiskisins var þá um 930 grömm (15 fiskar). Á tímabilinu hafði fiskurinn verið fóðraður með þurrfóðri yfir sumartímann, en fiskurinn þrífst einnig að einhverju leyti ánáttúrulegu æti.

Sumarið 1990 voru seld stangaveiðileyfi í tjarnirnar. Haustið 1990 voru teknir 32 klakfiskar (22 hrygnur, 10 hængar) úr tjörnunum og fluttir að Laxeyri. Tekin voru nýrnaveikisýni af fiskum, þegar hann var kreistur, og reyndust öll sýni neikvæð.

Abúendur á Hlíðarfæti hafa nú hug á að kaupa aftur fisk og endurtaka fyrri reynslu. Fyrirhugað er að sleppa smábleikju og urriða í tjörn II, og flytja síðan fiskinn yfir í tjörn III þegar hann hefur náð veiðanlegri stærð (yfir 300 grömm). Í tjörn I er fyrirhugað að ala bleikjuna áfram og nota sem klakfisk.

FLUTNINGUR A LIFANDI FISKI.

Eins og starfseminni hefur nú verið lýst þá flokkast hún varla undir lög um fiskeldi eða fiskrækt. Hins vegar tók í gildi reglugerð (júlí, 1988) nr. 401/1988 um flutning og sleggingu laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxfiska. Í grein 4.5 stendur:

" Óheimilt er að sleppa fiski í ár eða vötn til endurveiða nema notaður sé stofn af viðkomandi vatnasvæði. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæði þessu, að

fengnu samþykki fisksjúkdómanefndar og viðkomandi veiðifélags".


Það er því nauðsynlegt að sækja um undanþágu frá landbúnaðarráðuneytinu frá ákvæði þessu, í hvert skipti sem fiski er sleppt í tjarnirnar. Ráðuneytið mun síðan leita umsagnar viðkomandi aðila fyrir flutningi á fiskinum.

UMSÖGN VEIÐIMALASTOFNUNAR.

Veiðimálastofnun telur litlar líkur á að aðfluttur fiskur valdi skaða með stofnablöndun þar sem 1) tryggilega verður gengið frá því að fiskur sleppi ekki úr tjörnunum í vatna-kerfi Laxár, 2) aðfluttur fiskur hafi uppruna sinn frá Borgarfjarðarsvæði. Einnig að fiskur hafi sjúkdómavottorð sem tryggir að fiskurinn beri ekki sjúkdóma í fiskistofna Laxár í Leirársveit.

Mynd 1. Staðsetning tjarna (kort : Byggðir Borgarfjarðar)

HVALFJARÐARSTRANDARHREPPUR



Mynd 2. Yfirlitsmynd af tjörnum.

